

Reglur um akstursþjónustu fyrir eldri borgara í Hveragerði

1. gr.

Markmið með akstursþjónustu

Markmið með akstursþjónustu fyrir eldri borgara er að gera eldri borgurum kleift að búa við eðlilegt heimilislíf eins lengi og unnt er. Reglur þessar eru settar með vísan til ákvæða X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

2. gr.

Réttur til þjónustu

Akstursþjónustan er ætluð íbúum sem eiga lögheimili í Hveragerði, eru 67 ára og eldri og búa utan stofnana. Þjónustan er ætluð þeim sem hafa ekki aðgang að eigin farartæki. Þeir sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu alla jafna ekki njóta réttar til akstursþjónustu samkvæmt reglum þessum.

Um akstursþjónustu eldri borgara sem eingöngu geta komist ferða sinna í sérútbúnum bifreiðum fer samkvæmt reglum um ferðaþjónustu fatlaðra.

3. gr.

Umsókn um akstursþjónustu

Umsókn um akstursþjónustu skal berast til félagsþjónustunnar í Hveragerði á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsókn skal metin svo fljótt sem auðið er. Umsóknin er metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér almenningsamgöngur og/eða aðra ferðamöguleika. Sé umsókn samþykkt fær umsækjandi afhent notendakort sem ber að framvísa við akstur.

4. gr.

Skilgreining á þjónustu

Akstursþjónustan miðast við ferðir vegna heilbrigðisþjónustu, ferða í apótek til lyfjakaupa og ferða til að sækja félagsstarf eldri borgara innan marka Hveragerðisbæjar. Með heilbrigðisþjónustu er átt við ferðir til lækna, á hjúkrunarvakt, til viðurkenndra fótaaðgerðastofa og sjúkrahjálfara.

Einnig er veitt aksturþjónusta til að sækja sérhæfða læknis-, hjúkrunar-, og félagsþjónustu á Selfossi.

Í sérstökum tilvikum getur verið um að ræða akstur að sjúkrahúsi og heim vegna dvalar á sjúkrahúsi. Einnig getur verið um að ræða akstur í verslun. Óska þarf sérstaklega eftir slíkri aksturþjónustu.

5. gr.

Ferðir

Handhafar notendakorta geta pantað ferðir hjá bifreiðastöð sem Hveragerðisbær hefur gert samning við. Notendur skulu huga að því að vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Notanda er heimilt að óska eftir aðstoð bifreiðastjóra við að komast að og frá bifreið og með farangur ef þörf er á.

Bifreiðastjóri þarf ekki að bíða meðan notandi sinnir erindum og óheimilt er að biðja bifreiðastjóra um að sinna erindum fyrir sig.

Notanda er heimilt að hafa með sér aðstoðarmann en ber að taka það fram þegar ferð er pöntuð. Aðstoðarmaður greiðir sama gjald og notandi.

Notendur skulu kvitta fyrir þjónustu á þar til gerðu eyðublaði sem bifreiðastjóri er með. Sé notandi sjónskertur og ófær um að kvitta fyrir þjónustu skal hann nota stimpil.

Notendur greiða bifreiðastjóra gjald fyrir hverja ferð skv. gjaldskrá sem félagsmálanefnd Hveragerðisbæjar ákveður. Séu fleiri en einn notandi í sömu bifreið skulu allir notendur greiða umsamið gjald.

Gjald fyrir hverja ferð 1.12.2007 er 300 kr.

6. gr.

Málsmeðferð

Starfsmenn félagsþjónustu Hveragerðisbæjar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar Hveragerðis. Sé umsókn um þjónustu hafnað eða ágreiningur er um túlkun reglna þessara, skal málið afgreitt skriflega af viðkomandi starfsmanni og notanda kynntur réttur til að vísa málinu til félagsmálanefndar. Kærufrestur til nefndarinnar er fjórar vikur frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun starfsmanna. Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt viðkomandi skriflega og þar skal um leið kynna rétt viðkomandi til málsskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 17. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Úbúin skulu notendakort eftir að reglur þessar taka gildi. Innan mánaðar frá gildistöku reglna þessara verður öllum eldri borgurum í Hveragerði sendar reglurnar til kynningar ásamt umsóknareyðublaði.

Samþykkt í félagsmálanefnd Hveragerðis þann 28.11.2007 og í bæjarstjórn þann 13.12.2007.